

---

## Ensk - íslenskar þýðingar á hekli

### Þýðingar á algengustu hugtökum og skammstöfunum í enskum uppskriftum

#### Ensk- íslenskar þýðingar á hekli

**ch = chain = loftlykkja,**

slá upp á nálina, draga í gegnum lykkjuna, sem er nálinni.

**ss = slip stitch = keðjulykkja**

stinga nálinni í gegnum viðkomandi lykkju, slá upp á nálina, draga bandið í einu lagi í gegnum viðkomandi lykkju og lykkjuna á nálinni.

**dc = double crochet = fastahekl**

stinga nálinni í gegnum viðkomandi lykkju, slá upp á nálina, draga bandið í gegnum viðkomandi lykkju (2 lykkjur á nálinni) slá aftur upp á nálina og draga bandið í gegnum báðar lykkjurnar á nálinni.

**htr = half treble = hálfur stuðull**

slá upp á nálina, stinga nálinni í gegnum viðkomandi lykkju, slá upp á nálina, draga bandið í gegnum viðkomandi lykkju (3 lykkjur á nálinni), slá aftur upp á nálina og draga bandið í gegnum allar lykkjurnar 3 í einu lagi.

**tr = treble = stuðull**

slá upp á nálina, stinga nálinni í gegnum viðkomandi lykkju, slá upp á nálina, draga bandið í gegnum viðkomandi lykkju (3 lykkjur á nálinni), slá aftur upp á nálina og draga bandið í gegnum 2 lykkjur (2 lykkjur á nálinni), slá aftur upp á nálina og draga bandið í gegnum báðar lykkjurnar.

**dtr = double treble = tvöfaldur stuðull**

slá tvisvar upp á nálina, stinga nálinni í gegnum viðkomandi lykkju, slá upp á nálina, draga bandið í gegnum viðkomandi lykkju (4 lykkjur á nálinni), slá aftur upp á nálina og draga bandið í gegnum 2 lykkjur (3 lykkjur á nálinni), slá aftur upp á nálina og draga bandið í gegnum 2 lykkjur (2 lykkjur á nálinni), slá aftur upp á nálina og draga bandið í gegnum báðar lykkjurnar.

**sp(s) = space(s) = bil, bogi**

bil eða bogi, sem ef til vill er heklað utan um í næstu umferð á eftir.

**ch sp = chain space = loftlykkjubil eða loftlykkjubogi**

Þegar heklaðar eru ein eða fleiri loftlykkjur myndast bil eða bogi, sem síðan er ef til vill heklað utan um í næstu umferð á eftir.

Athugið að þessar skammstafanir eiga ekki við í **amerískum uppskriftum**, eingöngu **enskum**.